

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2002

frá 12. júlí 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2002 frá 25. júní 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/172/EB frá 25. febrúar 2002 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 1999/476/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir þvottæfni ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/173/EB frá 25. febrúar 2002 um lengingu á gildistíma ákvörðunar 1999/427/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir þvottæfni í uppþvottavélar ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XX. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 2ef (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/476/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 D 0172:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/172/EB frá 25. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 56, 27.2.2002, bls. 32).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 65 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 48.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 56, 27.2.2002, bls. 32.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 56, 27.2.2002, bls. 33.

2. Eftirfarandi bætist við í lið 2eq (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/427/EB):

„, eins og henni var breytt með:

- **32002 D 0173**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/173/EB frá 25. febrúar 2002 (Stjtið. EB L 56, 27.2.2002, bls. 33).“

2. gr.

Texti ákvarðana nr. 2002/172/EB og 2002/173/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 13. júlí 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 12. júlí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Gunnar Snorri Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.